

Nokkrar staðreyndir um spilakassa

Happdrætti Háskóla Íslands hóf að reka spilakassa árið 1993. Hægt er að spila á 24 stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Margar af spilavélum HHÍ eru samtengdar öfugt við vélar Íslandsspila (sem RKÍ, Landsbjörg og SÁÁ reka). Vinningar geta því orðið hærri og er meðalgullpotturinn 9,2 milljónir kr. og sá hæsti frá upphafi tæpar 23 m. kr. (*heimasíða HHÍ*). Háir vinningar tengjast aukinni hættu á fíkn (*J. Gambling Studies 26:1 2010, 159–174*)

Ef leitað er að orðunum „slot machine addiction“ með Google kemur fyrst upp auglýsing frá HHÍ.

Kanadísk rannsókn frá 2004 sýndi að 60% af tekjum af spilakössum kæmu frá spilafíklum (*Analyses of Social Issues and Public Policy 4, 2004, 33–45*). Ábendingar um að hlutfallið sé jafnvel hærra hér á landi má finna, t.d. í skrifum Ögmundar Jónassonar (sjá neðar).

Spilakassar HHÍ eru dýrir í rekstri. Tekjur af þeim árið 2014 voru 1550 m. kr. (eftir greiðslu vinninga) og rekstrarkostnaður 980 m. svo hagnaðurinn (nettótekjur) var um 570 m. Sambærilegar tölur fyrir Íslandsspil voru: tekjur 1260 m., kostnaður 480 m., hagnaður 780 m. (*Þingskj. 911/2014–15*). Árið 2014 voru heildartekjur HÍ 16050 m. svo tekjur af spilakössum voru um 3,5% (*ársreikningur HÍ 2014*).

Árið 2011 var gerð könnun með slembiúrtaki 18–70 ára Íslendinga. Af 1887 svarendum sögðu 84 (4,4%) að peningaspil yllu þeim vanlíðan, og af þeim sögðu 32 (1,7%) að það væru helst spilakassar sem yllu vanlíðan, talsvert fleiri en nefndu aðrar tegundir peningaspila (*skýrsla Daníels Þórs Ólasonar fyrir innanríkisráðuneytið 2012*).

Samkvæmt sömu könnun spila 0,7% eða tæplega 2000 manns vikulega eða oftár í spilakössum, 0,8% töldust haldin spilafíkn og auk þeirra áttu 1,7% í verulegum vanda vegna þátttöku í peningaspilum.

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að spilakassar valdi meiri hættu á spilafíkn en önnur peningaspil (*J. Gambling Studies 24, 2008, 39–54; Addiction Research and Theory 14, 2006, 475–491*).

Í nýlegri kanadískri rannsókn sögðust 25% unglinga með spilafíkn hafa reynt sjálfsmorð undanfarið ár en 2,2% annarra unglinga (*J. Gambling Studies 31:4, 2015, 1121–34*). Ýmsar fleiri rannsóknir hafa sýnt (mjög) aukna sjálfsmorðstíðni meðal spilafíkla (*tilvitnanir í Wikipedíugrein um spilafíkn*).

Ef þið eruð ekki sannfærð, lesið þá nokkrar reynslusögur á blogsíðunni *fuckgambling.com*. Eða frá fórnarlömbum Gullnámunnar á bls. 10–11 í DV, 14. nóvember 2012 (á timarit.is). Ögmundur Jónassonar hefur skrifað margt gott um vandamálið, m.a. inngang að framangreindri skýrslu Daníels Þórs og á vefnum *ogmundur.is* (leitið t.d. að „spilafíkn“). Í sumum greinum þar eru ótrúlega sorglegar sögur af íslenskum spilafíklum.

En: Í Noregi var þrengt að spilakassarekstri með nýjum lögum árið 2007, og samkvæmt a.m.k. einni rannsókn færðist vandi vegna spilafíknar yfir á peningaspil á netinu og versnaði jafnvel í kjölfarið (*J. Gambling Studies 29, 2013, 37–50*).



Spilað í Las Vegas



Gullnámur (*heimasíða HHÍ*)